

Bið eftir völdum skurðaðgerðum. September 2020.

Embætti landlæknis kallar reglulega eftir gögnum varðandi bið eftir völdum skurðaðgerðum en embættinu ber [lögum samkvæmt](#) að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Í ár hefur þrisvar verið kallað eftir upplýsingum um stöðu á biðlistum, í byrjun febrúar, júní og september. Síðustu innkölluninni var flýtt um mánuð, miðað við fyrri ár, í ljósi aðstæðna sem öllum eru kunnar. Árið 2020 hefur verið fordæmalaust á margan hátt vegna heimsfaraldurs af völdum SARS-Cov2 veirunnar sem veldur COVID-19 sjúkdómnum. Faraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á ýmsa þætti samfélagsins, um tíma voru til að mynda takmarkanir á valkvæðri heilbrigðisþjónustu eins og skurðaðgerðum og göngudeildarþjónustu. Þar að auki getur aðgerðum hafa verið frestað án þess að takmarkanir hafi verið í gildi, t.d. vegna sóttkvíar eða einangrunar starfsfólks. Þá kann fólk að hafa veigrað sér við að leita heilbrigðisþjónustu meðan faraldurinn stóð sem hæst í vor. Athygli er vakin á að þriðja bylgja faraldursins á Íslandi var ekki hafin þegar gagna var aflað í byrjun september og eru áhrif hennar því ekki til umfjöllunar.

Nánar er fjallað um öflun upplýsinga og skilgreiningu á biðlista í viðauka, aftast í þessu skjali.

Samantekt á niðurstöðum í völdum aðgerðaflokkum:

Í samanburði á fjölda á biðlista er staða á biðlistum 1. september 2020 borin saman við stöðu á biðlistum 1. október 2019. Í samanburði á aðgerðafjölda er fjöldi aðgerða á 12 mánaða tímabilinu 1.9.2019 - 31.8.2020 borinn saman við fjölda aðgerða á 12 mánaða tímabilinu 1.10.2018 - 30.9.2019, nema annað sé tekið fram. Sjá nánar í [yfirlitstöflu](#) (excel), sem sýnir tölur varðandi biðlista og fjölda framkvæmdra aðgerða (eldri tölur má finna [hér](#)).

Skurðaðgerð á augasteini

- Fjölgað hefur um 562 á biðlista en aðgerðum fækkaði um u.þ.b. 300 eða 8%.
- Miðgildi¹ biðtíma á Landspítala, þar sem flestar aðgerðanna eru gerðar, lengdist úr 11 vikum í 16. Aðrir rekstraraðilar skiluðu ekki upplýsingum um biðtíma. Óskað var eftir yfirferð á tölum frá Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK), en samkvæmt innsendum tölum hafa allir nema einn á biðlista beðið lengur en 12 mánuði. Svör bárust ekki.

Hjarta- og eða kransæðamyndataka, kransæðavíkkarir (PTCA) meðtaldar

- Fækkað hefur um 88 á biðlista frá síðasta ári en aðgerðum fækkaði um 249 (14%).
- Flestir voru metnir í þörf fyrir aðgerð innan viku, miðgildi biðtíma þessa forgangshóps var 1 vika og meðalbiðtími 2 vikur. Hjá einstaklingum sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna var miðgildi biðtíma 5 vikur og meðalbiðtími 6 vikur.

¹ Miðgildi fæst með því að raða dagafjölda sem fólk var á biðlista í röð eftir stærð og finna gildið í miðjunni. Helmingur hópsins beið því beðið skemur en sem því nemur og hinn helmingurinn beið lengur.

- Af þeim sem voru á biðlista í september höfðu sjö einstaklingar sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan viku og tíu sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna beðið lengur en sem því nam.
- Fólki á biðlista fækkar á sama tíma og aðgerðum hefur fækkað. Leitað var til yfirlæknis hjartalækninga á Landspítala varðandi mögulegar skýringar:
 - Biðlistaáttak undanfarin tvö ár hefur stuðlað að styttri biðtíma.
 - Mögulega hefur opnun flýtimóttöku á Hjartgátt fyrir sjúklinga með hálfbráð einkenni leitt til þess sumir sem áður voru settir á biðlistann eru nú þræddir hálf-brátt án þess að fara á biðlista.
 - Hjartalæknar koma mun meira að úrlestri tölvusneiðmynda af kransæðum en áður. Ef til vill hefur það leitt til fækkunar á þræðingum í því skyni að greina kransæðasjúkdóm.
 - Erlendir ferðamenn voru viss hluti af þeim sem undirgengust hjartaþræðingu. Þó þeir hafi alla jafna ekki verið settir á biðlista kann að vera að þeir hafi leitt til þess að hægar hafi gengið að vinna niður listann.
 - Ekki er hægt að útiloka að tilvísunum hafi fækkað vegna minni umsvifa á stofum sjálfstætt starfandi hjartalækna vegna COVID-19.

Brennsluáðgerð á hjarta

- Þessi flokkur aðgerða er til umfjöllunar í fyrsta skipti en bið hefur verið afar löng.
- Í september 2020 voru 339 á biðlista og höfðu 303 beðið lengur en sem nam forgangsroðun á biðlista, þar af 24 sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan viku.
- Miðgildi biðtíma í hópi þeirra sem höfðu verið metnir í aðgerðarþörf innan viku og gengust undir aðgerðina á tímabilinu 1.9.2019-31.8.2020 var 14 vikur og 30 vikur hjá þeim sem höfðu verið metnir í aðgerðarþörf innan 4 vikna.
- Aðgerðum fækkaði um 40 eða 12%.
- Sjúkrahústengdar frestanir voru einungis 2.

Brjóstaaðgerðir

- Bið virðist ásættanleg hvað varðar brjóstnám og úrnám hluta brjóst.
- Bið eftir brjóstaminnkun er löng og fækkaði aðgerðum um ríflega 40% milli tímabila.
- Svipaður fjöldi bíður eftir endurgerð brjóst á Landspítala og miðgildi biðtíma hefur verið svipað á síðustu þremur tímabilum (13-15 vikur).
- Ekki hafa borist tölur frá Klíníkinni, Ármúla varðandi brjóstaaðgerðir í síðustu þremur innköllunum.

Skurðaðgerð á maga vegna offitu

- Fjölgað hefur um 150 einstaklinga á biðlista, einkum hjá Klíníkinni, Ármúla. Þar fjölgaði aðgerðum jafnframt um 115 eða u.þ.b. 50% svo miðgildi biðtíma breyttist ekki.
- Aðgerðum fækkaði úr 67 í 44 á Landspítala og miðgildi biðtíma lengdist um 3 vikur.
- Ekki bárust tölur frá Gravitas þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.

Gallsteinaaðgerðir og steinbrjótsmeðferð

- Fjöldi á biðlista rúmlega tvöfaldaðist og höfðu um 50% verið á biðlista lengur en 3 mánuði.
- Aðgerðum fækkaði um ríflega 100 eða u.þ.b. 15%.
- Tekið var fram í svari Landspítala að ekki sé bið eftir að láta fjarlægja gallsteina með holspeglun eða steinmolun.

Kvenaðgerðir

- Þrjátíu fleiri konur biðu eftir völdum aðgerðum á grindarholslíffærum kvenna.
- Aðgerðum fækkaði um 20% á Landspítala og 40% á SAK en fjölgaði um 12% á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE).
- Miðgildi biðtíma lengdist úr 8 vikum í 10 á Landspítala en var svipað á HVE (12 - 13 vikur). Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma á SAK.
- Jafnmargar konur biðu eftir brotnámi legs og aðgerðafjöldi breyttist lítið. Miðgildi biðtíma var einnig svipað milli tímabila.

Aðgerðir á blöðruhálskirtli/TURP

- Aðgerðum á blöðruhálskirtli fjölgaði um fjórðung en miðgildi biðtíma jókst úr 7 vikum í 9 á Landspítala. Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma á SAK.
- Aðgerðum þar sem hvekkur var numinn brott um þvagrás (TURP) fækkaði um 17%. Ríflega helmingur hafði verið á biðlista lengur en 3 mánuði, svipað og áður.

Liðskiptaaðgerð á mjöðm

- Ríflega 10% fleiri biðu í september 2020 en október 2019 á heildina litið. Svipað hlutfall hafði beðið lengur en 3 mánuði (um 2/3).
- Aðgerðum fjölgaði um 40% bæði á HVE og Klíníkinni en fækkaði um 27% (58 aðgerðir) á SAK sem skýrist að hluta til af starfsmannamálum. Á Landspítala var aðgerðafjöldi svipaður. Ef eingöngu eru skoðaðir aðgerðastaðir sem taka þátt í biðlistaátaki fækkaði aðgerðum um 28 eða u.þ.b. 4%.
- Miðgildi biðtíma var óbreytt á Landspítala, 28 vikur. Það lengdist úr 9 vikum í 14 vikur á SAK en styttest úr 36 vikum í 20 á HVE.
- Sem fyrr getur bið eftir mati bæklunarskurðlæknis á þörf fyrir aðgerð hlaupið á mánuðum (dulinn biðtími).

Liðskiptaaðgerð á hné


- Ríflega 18% fleiri biðu í september 2020 en október 2019 á heildina litið. Svipað hlutfall hafði beðið lengur en 3 mánuði (um 70%).
- Aðgerðum í heild fækkaði um 66 eða 7% en fjölgaði úr 66 í 87 hjá Klíníkinni. Ef eingöngu eru skoðaðir aðgerðastaðir sem taka þátt í biðlistaátaki voru 87 færri aðgerðir gerðar, sem jafngildir fækkun um ríflega 10%.
- Miðgildi biðtíma jókst úr 38 vikum í 43 á Landspítala, úr 12 vikum í 17 vikur á SAK en var 32-33 vikur á HVE.
- Eins og áður var getið getur bið eftir mati bæklunarskurðlæknis á þörf fyrir aðgerð hlaupið á mánuðum.

Mat embættis landlæknis

Ekki er að fullu ljóst hvaða áhrif heimsfaraldur COVID-19 mun hafa á bið eftir völdum skurðaáðgerðum til lengri tíma litið en áhrifa faraldursins er þegar farið að gæta. Fjallað var um áhrif fyrstu bylgju COVID-19 á starfsemi heilbrigðisþjónustu í [Talnbrunni](#) í júlí sl.


Í byrjun september 2020 áður en þriðja bylgja faraldursins hófst, sem hefur haft enn frekari áhrif á starfsemi sjúkrahúsanna, hafði biðtími eftir flestum aðgerðum lengst, ef borinn er saman biðtími þeirra sem fóru í aðgerð á tímabilinu 1.9.2019 – 31.8.2020 við 1.10.2018 – 30.9.2019. Aðgerðum í flestum aðgerðaflokkum sem til skoðunar voru, m.a. í biðlistaátaki, hefur fækkað miðað við árið á undan. Svo virðist þó sem þær skurðaáðgerðir sem metnar voru í brýnustum forgangi, innan viku og innan fjögurra vikna, hafi verið gerðar innan þess tíma að mestu leyti.

Koma á göngudeild sjúkrahúss, þar sem mat fer fram á þörf fyrir skurðaáðgerð, er í mörgum tilfellum forsenda þess að einstaklingur komist á biðlista eftir aðgerð. Eins og neðangreind mynd sýnir dró verulega úr fjölda koma á göngudeildir sjúkrahúsanna vorið 2020. Fjöldi á biðlista getur því verið minni en ella og heildarbiðtími eftir aðgerð lengri.



Auk áhrifa af heimsfaraldri getur skortur á starfsfólki og legurýmum haft áhrif á fækkun aðgerða og frestanir. Í febrúar 2020 voru [10% rúma á Landspítala](#) nýtt af einstaklingum sem

voru með gilt færni- og heilsumat og biðu úrræðis utan sjúkrahússins. Hlutfallið var 16% ef þeir sem biðu endurhæfingar á Landakoti voru taldir með. Um það leyti sem fyrstu tilfelli COVID-19 greindust á Íslandi voru opnuð [ný hjúkrunarrými](#) við Sléttuveg í Reykjavík. Höfðu einstaklingar sem biðu á [Landspítala](#) forgang. Við það lækkaði fyrrgreint hlutfall og í byrjun maí voru einungis 4% opinna rúma á spítalanum nýtt af einstaklingum sem voru á biðlista eftir úrræði utan sjúkrahússins. Á sama tíma má sjá að einstaklingum á biðlista eftir hjúkrunarrými (á landsvísu) fækkaði. Síðan þá hefur fjölgað aftur jafnt og þétt á biðlistanum. Í september 2020 voru 14% af rúmum á Landspítala notuð af þeim sem biðu hjúkrunarrýmis, 17% rúma ef fólk sem beið endurhæfingar á Landakoti var talið með. Brýnt er að þau rúm sem opin eru á sjúkrahúsinu séu nýtt fyrir einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á hátæknisjúkrahúsi að halda. Að sama skapi er mikilvægt að einstaklingar sem eru í þörf fyrir varanlegt úrræði fái það sem fyrst.



Gera má ráð fyrir að biðtími eftir völdum skurðaðgerðum lengist enn frekar vegna áhrifa heimsfaraldurs. Að mati embættis landlæknis er mikilvægt að fylgjast áfram með þróun mála og leggja þarf áherslu á að koma starfseminni aftur í fulla virkni um leið og hægt er svo biðlistar og biðtími lengist ekki enn frekar.

Viðauki: Stutt samantekt um hvern aðgerðarflokk

<p>Skurðaðgerð á augasteini</p>	<p>Fjölgun hefur orðið á biðlistum en aðeins Landspítali skilaði inn tölum um miðgildi biðtíma, sem gefur besta mynd af hvort bið hafi lengst samhlíða fjölgun. Þar var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á tímabilinu 1.9.2019-31.8.2020 16 vikur en það var 12 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð árið 2019, 9 vikur árið 2018 og 23 vikur 2017. Til viðbótar við miðgildi biðtíma á síðustu 12 mánuðum sendi Landspítali jafnframt upplýsingar um biðtíma á síðustu 6 mánuðum, en þá var miðgildið 25 vikur. Bið virðist því hafa lengst töluvert í þessum aðgerðaflokki á síðustu mánuðum þrátt fyrir að ekki hafi verið neinar sjúkráhústengdar frestanir á aðgerðum. Óskað hefur verið eftir að Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) yfirfari tölur og sendi leiðréttingu ef þörf reynist. Svör hafa ekki borist.</p>
<p>Hjarta- og eða kransæðamyndataka</p>	<p>Ef horft er á miðgildi biðtíma allra sem gengust undir aðgerð á tímabilinu 1.9.2019-31.8.2020 var bið innan viðmiðunarmarka, 6 vikur. Flestir sem gengust undir hjarta- og eða kransæðamyndatöku voru hins vegar metnir í þörf fyrir aðgerð innan viku, eða 834 af 1.499 af þeim sem fóru í slíka aðgerð á tímabilinu. Miðgildi biðtíma þessa forgangshóps var 1 vika og meðalbiðtími 2 vikur. Hjá einstaklingum sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna var miðgildi biðtíma 5 vikur og meðalbiðtími 6 vikur. Af þeim sem voru á biðlista í september höfðu sjö einstaklingar sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan viku og tíu sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna beðið lengur en sem því nam.</p>
<p>Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna</p>	<p>Misjafnt er eftir aðgerðastöðum hve hátt hlutfall hefur beðið lengur en 3 mánuði, en á heildina litið hafa 26% kvenna sem bíða eftir þessum aðgerðaflokki beðið lengur en sem því nemur. Flestar aðgerðanna eru gerðar á Landspítala, þar stýttist miðgildi biðtíma úr 25 vikum árið 2017 í 9 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 2018. Á tímabilinu 1.9.2019-31.8.2020 var miðgildi biðtíma 10 vikur og sjúkráhústengdar frestanir voru 18. Á sama tímabili var miðgildi biðtíma 12 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE). Hins vegar var miðgildi biðtíma kvenna sem sem metnar voru í aðgerðarþörf innan 4 vikna og fóru í aðgerð á Landspítala sl. 6 mánuði (1.3.-31.8.2020) 8 vikur.</p>
<p>Brottnám legs</p>	<p>Um helmingur kvenna á biðlista hefur beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala á tímabilinu 1.9.2019-31.8.2020 var 6 vikur, en 12 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á HVE og 11 vikur á SAK. Miðgildi biðtíma kvenna sem sem metnar voru í aðgerðarþörf innan 4 vikna og fóru í aðgerð á Landspítala sl. 6 mánuði (1.3.-31.8.2020) var 3 vikur en 13 vikur hjá þeim sem metnar voru í þörf fyrir aðgerð innan 90 daga. Á tímabilinu 1.9.2019-31.8.2020 voru sjúkráhústengdar frestanir 20 á Landspítala.</p>
<p>Liðskiptaaðgerð á mjöðm</p>	<p>Um tveir af hverjum þremur sem bíða á þeim aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu hafa verið lengur en 3 mánuði á biðlista. Er þá ótalinn biðtími eftir að komast á biðlista, en bið eftir lækni sem metur þörf á aðgerð hleypur á mánuðum. Stysta miðgildi biðtíma á tímabilinu 1.9.2019-31.8.2020 á þessum aðgerðastöðum var 14 vikur á SAK, en þar var miðgildið 9 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð ári áður (1.10.2018 - 30.9.2019). Á Landspítala var miðgildið 28 vikur á báðum fyrrgreindum tímabilum. Sjúkráhústengdar frestanir voru 27 á tímabilinu 1.9.2019-31.8.2020. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð 1.10.2018-30.9.2019 var 20 vikur á HVE, styttra en ári áður þegar það var 36 vikur, en var til að mynda 61 vika árið 2017. Þar voru sjúkráhústengdar frestanir tvær auk fimm frestana vegna COVID-19. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð hjá Klínikinni, Ármúla án kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga Íslands var 3 vikur 1.6.2019-31.5.2020 en upplýsingar vantar um miðgildi 1.9.2019- 31.8.2020. Hjá Klínikinni voru engar sjúkráhústengdar frestanir skráðar 1.9.2019-31.8.2020 en frestanir vegna lokana út af COVID-19 voru ekki taldar með.</p>
<p>Liðskiptaaðgerð á hné</p>	<p>Um sjö af hverjum 10 á biðlista á þeim þremur aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu hafa beðið lengur en 3 mánuði. Eins og með liðskiptaaðgerðir á mjöðmum er ótalinn langur biðtími eftir að komast á biðlista. Stysta miðgildi biðtíma á þeim aðgerðastöðum sem taka þátt í átakanu var 17 vikur á SAK hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.9.2019- 31.8.2020, en til samanburðar var miðgildið 12 vikur ári áður. Hjá þeim sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.9.2019-31.8.2020 var 43 vikur, en 38 vikur ári áður. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á HVE 1.9.2019-31.8.2020 var 32 vikur, svipað og ári áður, en það var 64 vikur árið 2017. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð hjá Klínikinni án kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga var 4 vikur. Sjúkráhústengdar frestanir voru 43 á Landspítala og 13 (þar af 8 vegna COVID-19) á HVE 1.9.2019-31.8.2020. Hjá Klínikinni voru engar sjúkráhústengdar frestanir skráðar en frestanir vegna lokana út af COVID-19 voru ekki taldar með.</p>

Kransæðaaðgerð	Enginn hafði beðið lengur en sem nam forgangsröðun. Miðgildi biðtíma í heild var 2 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.9.2019- 31.8.2020 og var 1 vika hjá þeim 43 sem metnir höfðu verið í aðgerðarþörf innan viku. Sjúkrahústengdar frestanir voru 18, þar af 7 hjá einstaklingum sem voru í aðgerðarþörf innan viku.
Aðgerð á hjartalokum	Fimm einstaklingar af 12 á biðlista höfðu beðið lengur en 3 mánuði, allir þeirra voru metnir í þörf fyrir aðgerð innan 90 daga. Á heildina litið var miðgildi biðtíma hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.9.2019- 31.8.2020 6 vikur en það var ein vika hjá þeim sem voru í þörf fyrir aðgerð innan viku og 3 vikur hjá þeim sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna. Fólk sem var metið í brýnni þörf virðist þannig hafa komist í aðgerð innan þeirra marka. Sjúkrahústengdar frestanir voru 25, þar af 3 hjá einstaklingum sem voru í aðgerðarþörf innan viku
Brennsluaðgerð á hjarta	Þessi aðgerðaflokkur er nú til umfjöllunar í fyrsta skipti. Bið eftir þessum flokki aðgerða hefur verið mjög löng. Í september 2020 höfðu 275 einstaklingar beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð og 303 höfðu beðið lengur en sem nam forgangsröðun, til að mynda höfðu 24 einstaklingar sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan viku beðið lengur en sem því nam. Miðgildi biðtíma í hópi þeirra sem höfðu verið metnir í aðgerðarþörf innan viku og gengust undir aðgerðina á tímabilinu 1.9.2019- 31.8.2020 var 14 vikur og 30 vikur hjá þeim sem voru í þörf innan 4 vikna. Bið eftir þessum aðgerðum er því alltof löng, en sjúkrahústengdar frestanir voru einungis 2.
Úrnám hluta brjóst	Níu konur biðu aðgerðar, af þeim sjö sem biðu aðgerðar á Landspítala hafði engin beðið lengur en sem nam forgangsröðun á biðlista. Miðgildi biðtíma á Landspítala var 4 vikur 1.9.2019-31.8.2020 og sjúkrahústengdar frestanir 4. Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma hjá SAK eða röðun eftir þörf. Engar upplýsingar bárust frá Klínikinni um brjóstaaðgerðir.
Brjóstnám	Af sex körlum og 20 konum sem biðu aðgerðar á Landspítala hefur ein kona sem var metin í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna beðið lengur en sem því nemur en alls hafa 11 beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma á Landspítala var 4 vikur 1.9.2019- 31.8.2020, Sjúkrahústengdar frestanir voru 15, þar af 11 hjá einstaklingum sem voru í aðgerðarþörf innan 4 vikna. Ef eingöngu er horft á hóp sem var metinn í þörf fyrir aðgerð innan 90 daga var miðgildi 40 vikur, en í þeim hópi getur t.d. verið um að ræða kynleiðréttingu. Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma hjá SAK en þar var ein kona á biðlista. Engar upplýsingar bárust frá Klínikinni um brjóstaaðgerðir.
Aðgerð til brjóstaminnkunar	Yfir 80% kvenna sem biðu eftir aðgerð til brjóstaminnkunar höfðu beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.9.2019-31.8.2020 var 30 vikur. Hjá þeim fáu konum voru metnar í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna var miðgildi biðtíma 5 vikur. Sjúkrahústengdar frestanir voru 10, allar hjá einstaklingum sem voru í aðgerðarþörf innan 90 daga. Ekki bárust upplýsingar um biðtíma á SAK. Engar upplýsingar bárust frá Klínikinni um brjóstaaðgerðir.
Endurgerð brjóst (brjóstauppygging)	Af 64 konum á biðlista eftir aðgerð á Landspítala höfðu 44 beðið lengur en 3 mánuði. Tvær konur sem metnar voru í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna höfðu beðið lengur en sem því nam. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð 1.9.2019-31.8.2020 var 13 vikur á heildina litið, 9 vikur hjá konum í aðgerðarþörf innan 4 vikna og 17 vikur hjá þeim sem höfðu verið metnar í aðgerðarþörf innan 90 daga. Sjúkrahústengdar frestanir voru 11, þar af 8 hjá konum sem voru í aðgerðarþörf innan viku. Engar upplýsingar bárust frá Klínikinni um brjóstaaðgerðir.
Aðgerð vegna vélinðabakflæðis eða þindarslits	Af 55 á biðlista í september höfðu 45 beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma hjá þeim sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.9.2019-31.8.2020 var 25 vikur, 13 vikur hjá þeim sem voru í aðgerðarþörf innan 4 vikna og 33 vikur hjá þeim sem voru í aðgerðarþörf innan 90 daga. Sjúkrahústengdar frestanir voru 6.
Skurðaðgerð á maga vegna offitu	Í september voru 96 á biðlista eftir aðgerð á Landspítala, af þeim höfðu 79 beðið lengur en 3 mánuði. Hjá Klínikinni biðu 195 eftir aðgerð, 6 höfðu beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.9.2019-31.8.2020 var 47 vikur á Landspítala og 6 vikur hjá Klínikinni. Ein sjúkrahústengd frestun var skráð á Landspítala. Ekki bárust tölur frá Gravitas þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.
Gallsteinaaðgerð	Um 50% þeirra 199 sem biðu gallsteinaaðgerðar höfðu beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma var 6 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.9.2019-31.8.2020, 5 vikur á HVE og 7 vikur hjá SAK. Tekið var fram í svari Landspítala að ekki sé bið eftir að láta fjarlægja gallsteina með holspeglun eða steinmolun. Sjúkrahústengdar frestanir á Landspítala voru 24, þar af 3 hjá einstaklingum sem voru í aðgerðarþörf innan viku
Aðgerð á blöðruhálskirtli	Einn karl af þeim 17 sem biðu aðgerðar hafði beðið lengur en 3 mánuði. Þrír karlar sem metnir voru í aðgerðarþörf innan 4 vikna höfðu beðið lengur en sem því nemur eftir aðgerð á Landspítala. Miðgildi biðtíma 45 karla sem höfðu verið metnir í aðgerðarþörf innan 4 vikna og fóru í aðgerð á Landspítala 1.9.2019-31.8.2020 var 8 vikur en 14 vikur hjá þeim sem voru í aðgerðarþörf innan 90 daga. Tvær sjúkrahústengdar frestanir voru á tímabilinu.
Brottnám hveks um þvagrás (TURP)	Af 62 körlum sem biðu höfðu 35 beðið lengur en 3 mánuði. Sex karlar sem höfðu verið metnir í aðgerðarþörf innan 4 vikna höfðu beðið lengur en sem því nam eftir aðgerð á Landspítala. Miðgildi biðtíma í heild var 10 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.9.2019-31.8.2020 en 7 vikur hjá þeim sem metnir höfðu verið í aðgerðarþörf innan 4 vikna. Miðgildi biðtíma var 14 vikur á HVE (3 aðgerðir) en ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma hjá SAK. Sjúkrahústengdar frestanir voru tvær á Landspítala, engin á HVE.

Skilgreining biðlista og öflun upplýsinga

Biðlistar eru þekktir víða í heilbrigðiskerfinu og tengjast framboði og eftirspurn. Ásættanlegt getur verið að bíða í ákveðinn tíma, enda þarf að skipuleggja starfsemi heilbrigðisstofnana fram í tímann og forgangsraða þannig að þeir einstaklingar sem eru í brýnustu þörfinni fái þjónustu strax, t.d. vegna bráðatilfella og lífshættulegra sjúkdóma. Þá þurfa sjúklingar oft að gera ýmsar ráðstafanir áður en þeir gangast undir skurðaðgerð, meðal annars varðandi fjölskyldu og vinnu. Embætti landlæknis hefur sett fram [viðmiðunarmörk](#) um hvað getur talist ásættanleg bið eftir heilbrigðisþjónustu:

- Samband við heilsugæslustöð samdægurs.
- Viðtal við heilsugæslulækni innan 5 daga.
- Skoðun hjá sérfræðingi innan 30 daga.
- Aðgerð/meðferð hjá sérfræðingi innan 90 daga frá greiningu. Miðað er við að 80% einstaklinga komist í aðgerð innan þess tíma.

Í öllum tilvikum er átt við þann tíma sem líður frá því að sjúklingur hefur samband við veitendur heilbrigðisþjónustu út af einkennum eða frá því að þörf fyrir viðkomandi þjónustu er greind.

Þessi tímamörk eiga *ekki* við þegar um bráðþjónustu er að ræða eða greiningu og meðferð illkynja sjúkdóma.

Í fyrstu innköllun ársins 2020 var gerð breyting á innköllunareyðublaði sem sent er til þeirra rekstraraðila sem framkvæma aðgerðir sem eru til skoðunar. Forgangsröðun hefur verið bætt við, en hún gefur betri mynd af biðtíma þar sem viðmiðunarmörk um ásættanlegan biðtíma eiga ekki við.

Aðgerðarheiti/aðgerðakóðar skv. NCSP kerfinu/NCSP-IS	Forgangsröðun á biðlista	Fjöldi sem bíður eftir aðgerð			Þar sem við á:	Fjöldi sem hefur beðið lengur en sem nemur tímaramma í forgangsröðun (t.d. ef einstaklingur var metinn í þörf fyrir aðgerð innan viku en hefur beðið í 3 vikur)		
		Karlar	Konur	Alls	Fjöldi sem bíður aðgerðar vegna krabbameins	Karlar	Konur	Alls
Brennsluaðgerð á hjarta	Innan viku							
FPB*	Innan 4 vikna							
FPSB*	Innan 90 daga							
	Heild							

Afar misjafnt er eftir hvort og hversu vel fyllt hefur verið út í þessa nýju reiti. Þá hefur þurft að senda margar ítrekanir áður en tölur hafa borist, eða jafnvel ekki borist, frá sumum þessara rekstraraðila. **Hvetur embætti landlæknis alla rekstraraðila til að standa betur að gagnaskilum í næstu innköllunum.**